

Stjórnarfundur Álfavina, haldinn 13.apríl 2023 í Álfasteini.

Mætt eru Hugrún, Eva, Brynhildur, Lilja, Sandra, Sunna, Sigurbjörg og Bergvin. Lilja ritar fundargerð.

Fundur settur kl. 20.00

1. Hugrún leiddi útsýnistúr um nýju deildina, ljósálfadeild, og sýndi okkur breytingar sem verða á álfadeild í leiðinni.
2. Farið yfir skóladagatal 2023-2024
3. Starfið framundan.
  - a. Leikhópurinn Lotta kemur í leikskólann 4.maí, og koma þá 1.-4. bekkur þelamerkurskóla í heimsókn og sjá atriðið. Leikskólinn borgar þá heimsókn 50% á móti ÞMS.
  - b. Álfavinir borga rútuferðir í vor í fjöruferð og kjarnaskóg. Hugrún ætlar að athuga með verð í það, en líklegt að það verði um 50 þús hvor ferð.
  - c. Sumarhátíð 2.júní. Ákveðið að álfavinir leigja 2 hoppukastala sem verða á hátíðinni, (20 þús hvor kastali) og ákveðið að standa aftur fyrir tombólu sem þótti vel heppnuð í fyrra. Leikskólinn kaupir pylsur en stjórnin aðstoðar við að útdeila pylsum á hátíðinni.

Fundi slitið kl. 22